

# Velferðarþjónusta Vestfirðinga

Fundur með kjörnum fulltrúum  
9. febrúar 2023

# Um verkefnið

Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og veigamiklar breytingar á barnaverndarlögum og lögum um lágmarksíbúafjölda á þjónustusvæðum í málefnum fatlaðs fólks skapa nýjar áskoranir, tækifæri og forsendur.

## Tilurð

Á 67. Fjórðungspingi Vestfirðinga var stjórn falið að skipa starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Starfshópurinn óskaði eftir aðstoð KPMG við að meta núverandi stöðu og valkosti sveitarfélaganna í bráð og lengd.

## Markmið

Markmið verkefnisins er að kanna grundvöll fyrir og eftir atvikum setja á fót Velferðarþjónustu Vestfirðinga sem sinni þjónustu við fatlað fólk, barnaverndarþjónustu og móttöku flóttafólks.

Markmið sveitarstjórnanna er að breytingarnar gangi vel, með hagsmuni íbúa, starfsmanna og sveitarfélaganna að leiðarljósi.


## Starfshópin skipuðu:

- **Arna Lára Jónsdóttir**, frá Ísafjarðarbæ
- **Bragi Þór Thoroddsen**, frá Súðavíkurbreppi
- **Delphine Briois**, frá Árneshreppi
- **Hildur Aradóttir**, frá Kaldrananeshreppi
- **Hlíf Hrólfsdóttir**, frá Strandabyggð
- **Hrefna Jónsdóttir**, frá Reykhólahreppi
- **Jóhann Örn Hreiðarsson**, frá Tálknafjarðarhreppi
- **Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir**, frá Bolungarvíkurkaupstað
- **Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir**, frá Vesturbyggð
- **Sigríður Kristjánsdóttir** og **Steinunn Ása Sigurðardóttir**, frá Vestfjarðastofu voru starfshópnum til stuðnings
- **KPMG** sinnti verkefnisstjórn.

# Markmið laga

„Félagsleg þjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.“

„Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.“



„Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.“

Ástæður breytinganna má m.a. rekja til gagnrýni á:

- pólítískt kjörnar barnaverndarnefndir,
- að fagfólk hafi ekki nægilega mikið að segja um ákvarðanatöku,
- 1.500 manna umdæmi hafi ekki möguleika á að veita fullnægjandi þjónustu sem krefst sérþekkingar
- of nán tengsl milli manna í litlum samfélögum sem getur haft neikvæð áhrif á vinnslu barnaverndarmála

„Þjónusta samkvæmt lögum þessum skal miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi, óskir og önnur atriði sem skipta máli, svo sem kyn, kynferði, aldur, þjóðernisuppruna, trúarbrögð o.fl.“

1

# Stöðugreining

# Vestfirska kerfið

- Mörg sveitarfélög og mikil dreifni í íbúafjölda.
- Ekki auðvelt að finna einfalda leið sem tekur á hagsmunum allra sveitarfélaga, íbúa þeirra og sjónarmiðum 53 fulltrúa.
- Fjögur félagsþjónustusvæði og byggðasamlag í málefnum fatlaðs fólks.
- Mjög mismunandi þjónustuþyngd í málefnum fatlaðs fólks og barnavernd.
- Mjög mismunandi útgjöld til félagsþjónustu og barnaverndar.
- Heildarútgjöld árið 2021 um 782 mkr.
- Umsýslukostnaður í félagsþjónustu er hár, þar sem það eru fimm stöðugildi „framkvæmdastjóra“.

Sveitarfélag	Kjörnir fulltrúar	Íbúar jan 2022	Útgjöld 2021 (02)	Börn undir 18 ára	Einstaklingar með fötlun í 2021	Fjöldi barnaverndar mála pr.1000 börn 2020
Bolungarvík	7	956	161.242	218	6	
Ísafjarðarbær	9	3.840	461.115	821	38	
Súðavíkurbætur	5	215	21.861	30		
Norðursvæði	<b>21</b>	<b>5.011</b>	<b>644.218</b>	<b>1.069</b>	<b>44</b>	<b>113,7</b>
Tálknafjarðarhreppur	5	255	13.863	58		
Vesturbyggð	7	1.131	63.227	226		
Suðursvæði	<b>12</b>	<b>1.386</b>	<b>77.090</b>	<b>284</b>	-	<b>47,5</b>
Reykhólahreppur	5	233	22.811	53		
Árneshreppur	5	42	1.680	-		
Kaldrananeshreppur	5	109	3.350	9		
Strandabyggð	5	424	32.622	75		
Strandir og Reykhólar	<b>20</b>	<b>808</b>	<b>60.463</b>	<b>137</b>	<b>3</b>	<b>93,4*</b>
	<b>53</b>	<b>7.205</b>	<b>781.771</b>	<b>1.490</b>	<b>91</b>	

Heimildir:  
Barna- og fjölskyldustofa  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
BsVest bs.

\*Með Húnaþingi vestra

# Útgjöld til málaflokka 2021

- Mikill munur á útgjöldum til félagsþjónustu (málaflokkur 02)
  - Frá tæplega 31 þús. kr. á íbúa í Kaldrananeshreppi í tæplega 169 þús. kr. á íbúa á Bolungarvík
  - Landsmeðaltal er um 196 þús. kr. á íbúa.
- Lág útgjöld til barnaverndar og málefna fatlaðs fólks annars staðar en á Norðursvæði.
- Endurspeglar staðsetningu þjónustueininga, svo sem búsetuþjónustu, fjölda einstaklinga með fötlun og fjölda barnaverndarmála á hverju þjónustusvæði
- Um 60% af útgjöldum til félagsþjónustu eru í Ísafjarðarbæ og rúm 80% á Norðursvæðinu.

Sveitarfélag	Árneshreppur		Bolungarvíkurkaupstaður		Ísafjarðarbær		Kaldrananeshreppur		Reykholahreppur		Strandabyggð		Súðavíkurhreppur		Táknafjarðarhreppur		Vesturbyggð	
Málaflokkar	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur
00 Skatttekjur	-958,476		-1,074,082		-1,004,199		-1,039,334		-1,578,915		-1,281,063		-1,265,569		-1,246,294		-1,076,245	
02 Félagsþjónusta	39,976	4.2%	168,664	15.7%	121,644	12.1%	30,732	3.0%	97,902	6.2%	78,938	6.0%	101,879	8.0%	54,260	4.4%	55,904	5.2%
<b>02 Félagsþjónusta</b>																		
02 0 Sameiginlegir liðir	28,905	3.0%	11,914	1.1%	11,309	1.1%	17,868	1.7%	24,998	1.6%	48,327	3.8%	17,951	1.4%	11,928	1.0%	12,886	1.2%
02 1 Félagsleg aðstoð			16,247	1.5%	28,176	2.8%	917	0.1%	16,775	1.1%	225	0.0%	15,938	1.3%	3,546	0.3%	12,278	1.1%
02 3 Þjónusta við börn og unglinga	48	0.0%	37,522	3.5%	36,657	3.7%			2,490	0.2%	1,410	0.1%	38,611	2.9%	1,300	0.1%	4,317	0.4%
02 4 Þjónusta við aldraða	833	0.1%	23,689	2.2%	17,923	1.8%			21,232	1.3%	2,242	0.2%	18,178	1.4%	24,915	2.0%	11,039	1.0%
02 5 Þjónusta við fatlaða			79,312	7.4%	24,863	2.5%	11,917	1.1%	18,818	1.2%	24,408	1.9%	11,870	0.9%	12,572	1.0%	15,008	1.4%
02 6 Ýmis félagsþjónusta	10,190	1.1%																
02 7 Ýmis lögbundin framlög					0	0.0%			391	0.0%					0	0.0%	0	0.0%
02 8 Ýmsir styrkir og framlög					2,717	0.3%	30	0.0%	13,210	0.8%	327	0.0%	1,134	0.1%			376	0.0%
13 Atvinnumál	35,714	3.7%	-2,393	-0.2%	12,722	1.3%	127	0.0%	14,882	0.9%	-3,392	-0.3%	28,430	2.2%	7,783	0.6%	15,791	1.5%
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja			34,044	3.2%	5,889	0.6%												
21 Sameiginlegur kostnaður	460,571	48.1%	136,885	12.7%	74,682	7.4%	196,536	18.9%	141,275	8.9%	158,749	12.2%	242,258	19.1%	245,273	19.7%	120,027	11.2%



# Sameiginlegt teymi á Vestfjörðum



“Í teyminu eigi félagsmálastjórar félagsþjónustusvæðanna sæti, sem og deildarstjórar eða starfsmenn barnaverndar, eftir atvikum. Samsetning teymisins ræðst af útfærslum sveitarfélaganna á þjónustunni.”

**Félagsmálastjórar sveitarfélaganna á Vestfjörðum** skiluðu inn minnisblaði um samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um barnaverndarþjónustu í upphafi ársins 2022. Ekki var tekin afstaða til rekstrarforms mögulegs samstarfs heldur frekar litið til verkefna og verkferla sem snúa sérstaklega að framkvæmd barnaverndarþjónustu.

Lagt er til að stofnað verði sameiginleg teymi barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum.

## Vettvangur

- Vikulegir fundir.
- Tilkynningar teknar fyrir.
- Barnaverndarstarfsmenn geta þar speglað málin meðal annarra sérfræðinga.
- Barnaverndarstarfsmenn geta lagt mál fyrir teymið, t.d. í lok könnunar og fengið faglega rýni.
- Meðferðaráætlun lögð fyrir og rýnd.
- Þar eru teknar fyrir ákvarðanir um lokun máls og/eða óskað eftir úrskurði umdæmisráðs.

## Verklag

- Skipting verkefna og kostnaðar.
- Sameiginlegt verklag mótað.
- Verkaskipting félagsþjónustu og barnaverndarþjónustu.
- Samræming verklagsreglna um vinnslu mála og heimildir.
- Verklag um afgreiðslu erinda frá þjónustugegum og ráðuneytum og stofnunum.
- Málakerfi og aðgangsstýring.
- Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu.

## Verkefni

- Neyðarvistanir.
- Vistanir skv. 84. gr. bvl.
- Fósturvistanir.
- Úrskurðir barnaverndarnefndar skv. bvl.
- Bakvaktir.
- Úrræði Barna- og fjölskyldustofu.
- Vistanir fatlaðra barna utan heimilis.
- Aðkeypt sérfræðiþjónusta.

# Verklag Teymis- tillaga



## Tilkynningar

Allar beiðnir um þjónustu í málefnum fatlaðs fólks og barnaverndartilkyningar berast á einn stað.



## Mat

Sérhæft starfsfólk metur umsóknir/tilkynningar og undirbúa fyrir teymisfund.



## Teymisfundir

Á teymisfundi verði tekin ákvörðun um könnun og að lokinni könnun ákvarðanir um meðferð máls í barnavernd, eða þjónustu við fatlaðan einstakling.



## Undirbúningur

Sérhæfðu starfsmennirnir gera áætlanir um meðferð máls/þjónustuáætlun og undirbúa ákvarðanir teymis. Eru málstjórar ef um samþættingu er að ræða og sinna allri sérhæfðri vinnslu í barnavernd og málefnum fatlaðs fólks.



## Ákvörðun

Teymið (félagsmálastjórar þjónustusvæðanna og sérhæfðir Ísafjarðarbæjar) fjallar um og tekur allar faglegar ákvarðanir.

Könnun og meðferð á „einföldum tilkynningum“ gæti verið á hendi þjónustusvæðanna.

Framkvæmd þjónustu í málefnum fatlaðs fólks verður á þjónustusvæði, eins og verið hefur



## Upplýsingagjöf

Ef tekin er ákvörðun um úrræði eða þjónustu sem fellur á viðkomandi lögheimilissveitarfélag, skuli viðkomandi sveitarfélagi tilkynnt um það og þau greiða kostnaðinn.



# 2

# Vinnustofur

**Þátttakendur voru rúmlega 20.**

- Vinnustofa I fór fram 12. desember.
- Vinnustofa II fór fram 11. janúar.

# Vinnustofa I – núverandi staða

Þátttakendur voru sammála um að breytinga er þörf. Samvinna er af hinu góða en reynslan hefur sýnt að þetta hefur verið fjarlægð. Mikilvægt er að halda í núverandi styrkleika og skýra betur verklag og ábyrgð.



## Núverandi staða

Staðan er viðkvæm í málefnum fatlaðra og mikilvægt að skerpa vel á skipulagi málaflokksins.

Nándin er bæði styrkleiki og veikleiki og fer eftir hvaða málaflokk um er rætt.

Húsnæðisskortur er mikil áskorun og hefur ýmis áhrif á veitingu þjónustunnar.



## Rekstrarfyrirkomulag

Skiptar skoðanir voru um hvort vænlegra væri að stofna byggðasamlag um þjónustuna eða að eitt sveitarfélag sé leiðandi.

Mestu máli skiptir að verklagið sé skýrt, áhersla lögð á jafna þjónustu yfir svæðið og að sveitarfélögin hafi aðkomu að ákvarðanatöku.



## Verklag

Skýra þarf ábyrgð verkefna, hver hafi stjórn og dreifir valdi.

Tryggja þarf eftirfylgni starfsfólks með málum og minnka fjarlægð.

Straumlínulaga þarf ferla og verkaskiptingu.



## Mönnun

Áskorun hefur verið að fá fagfólk til að sinna þjónustunni

Ekki er nóg að hafa einn starfsmann sem starfar hjá samstarfseiningunni og hafi yfirsýn yfir alla þjónustuna.


# Vinnustofa I - SVÖT

## Styrkleikar

- Góður mannauður þegar litið er yfir svæðið.
- Nándin.
- Sterkar stofnanir á hverjum stað.
- Erum öll að vinna að sameiginlegum markmiðum.

## Ógnanir

- Fjarlægð.
- Óvissa varðandi barnaverndina.
- Erfitt að fá fagfólk til starfa.
- Auknar lagakröfur í málaflokkunum.
- Gildistaka barnaverndarlaganna.



## Veikleikar

- Skortur á trausti milli sveitarfélaganna.
- Nándin.
- Starfsmannavelta.
- Verklag og skipurit óljóst.
- Mismunandi milli málaflokka hversu mikið samstarf hefur verið.

## Tækifæri

- Einfalda og samræma þjónustuna.
- Nýta mannauðinn og sérfræðipekkingu og efla baklandið.
- Bæta þjónustuna á öllu svæðinu.
- Stytta boðleiðir.
- Draga úr álagi.
- Breytingar á bakvöktum í barnavernd.
- Skýra leikreglur og ábyrgðarskil.
- Gagnsæi í fjármálum.

# Vinnustofa II – Framtíðarskipan

**Þátttakendur voru sammála um að mikilvægt er að veita heildstæða og góða þjónustu.**

Einnig var nefnt að það væri eðlilegt að fólk væri efins og að traust sé áunnið en mikilvægt væri að hugsa um að við séum að stíga skref til framtíðar



## Upplýsingaflæði

Tryggja þarf gagnsætt ferli og gott upplýsingaflæði. Ljóst var að traust og upplýsingaflæði helst í hendur og mikilvægt er að öll sveitarfélögin upplifi sig sem part af ferlinu.



## Þekking og mannauður

Þátttakendur voru sammála að nýta þyrfti mannauðinn og sérþekkinguna sem er nú þegar til staðar. Áskorun hefur verið að fá fagfólk til að sinna þjónustunni en með aukinni þekkingu og samráði væri möguleiki á að minnka álagið á núverandi starfsfólk og skapa með því tækifæri til þess að koma í veg fyrir að starfsólk brenni út.



## Ákvarðanataka

Mikilvægt er að huga að teymisvinnu milli sveitarfélaga og að ákvarðanartakan sé sameiginleg og verkferlar samræmdir. Reglubundnir teymisfundir opna á möguleika fyrir meira samstarf og aðkomu allra sveitarfélaganna.



## Fjármögnun

Allir voru sammála um að fjárstreymið og fjárhagsleg ábyrgð þarf að vera skýrt og vel skilgreint. Möguleiki væri að vera með fyrirfram skilgreinda gjaldskrá. Tækifæri eru samt sem áður til staðar til þess að veita betri þjónustu fyrir minni pening ef vel til tekst.

# 3

## Tillögur

Á vinnustofum og í starfshópnum voru ræddar mismunandi útfærslur samstarfs milli sveitarfélaga.

# Samstarf sveitarfélaga

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilt að hafa samvinnu um framkvæmd afmarkaðra verkefna.

Í 93. gr. laganna kemur fram að ef í samningi um samvinnu sveitarfélaga felst framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 verður samstarfið að fara fram á vegum byggðasamlags eða á þann hátt að eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir hin sveitarfélögin.

Þar sem umrætt samstarf myndi fela í sér framsal á valdi til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna þá þarf annað hvort rekstrarfyrirkomulagið að vera til staðar. Sveitarfélögin gætu þó óskað eftir annarri útfærslu í tilraunaskyni.




## Byggðasamlög

Í 94. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um byggðasamlög sveitarfélaga. Þar koma fram ýmsar kröfur sem samningar um byggðasamlög þurfa að uppfylla.



## Leiðandi sveitarfélag

Í 96. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um samninga þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög og hvaða kröfur slíkir samningar þurfa að uppfylla. Til einföldunar verður hér eftir skírskotað til samstarfsformsins sem „leiðandi sveitarfélag“.



## Tilraunaákvæði sveitarstjórnarlaga

Í 2. mgr. 132. gr. sveitarstjórnarlaga er ráðuneytinu heimilt að staðfesta samstarfssamning sveitarfélaga skv. 93. gr. sem felur í sér frávík frá IX. kafla laganna um samvinnu sveitarfélaga, í tilraunaskyni.



# Dæmi um kosti og galla

## Byggðasamlög

### Kostir

- Bein aðkoma allra aðildarsveitarfélaga
  - Fjármögnun fyrirfram skilgreind
- Fjarlægð frá íbúum og kjörnum fulltrúum varðandi barnaverndarþjónustu



### Gallar

- Óskýr ábyrgð
  - Íhaldssöm ákvarðanatöku
  - Tími og kostnaður í umsýslu
    - Aukið flækjustig
    - Óskilvirkni
- Fjarlægð frá íbúum og kjörnum fulltrúum varðandi málefni fatlaðs fólks
  - Aðkoma minnihluta



## Leiðandi sveitarfélag

### Kostir

- Skýr ábyrgð
- Meiri líkur á skilvirkni
- Skýrari fjármögnun og hlutur hvers sveitarfélags
- Meiri fjarlægð frá kjósendum og kjörnum fulltrúum varðandi barnaverndarþjónustu



### Gallar

- Minni sveitarfélög hafa ekki áhrif á ákvarðanatöku
- Mikið valdframsal
- Meiri fjarlægð frá kjósendum og kjörnum fulltrúum varðandi málefni fatlaðs fólks
- Ógagnsæi
- Meiri líkur á vantrausti
- Fjármögnun



**3.1**

# **Byggðasamlag**

# Hugmynd að fyrirkomulagi byggðasamlags

## Sveitarfélögin nýu eiga byggðasamlag um velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við íbúafjölda.



### Aðalfundur

Aðalfundur er haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðilarsveitarfélög óska þess. Á aðalfundi eiga sæti:

- Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.
- Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201-500 íbúa
- Þrjú fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501-1.000 íbúa.
- Sveitarfélag með yfir 1.000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.
- Stjórnarmenn byggðasamlagsins og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.



### Stjórn byggðasamlags

Fimm aðalfulltrúar og fimm til vara. Einn stjórnarmaður frá hverju þjónustusvæði en tveir frá þjónustusvæði Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps. Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi og kjörgengir eru kjörnir fulltrúar og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna.






### Teymi

Þar sitja félagsmálastjórar þjónustusvæðanna og sérhæfðir starfsmenn. Teymið fundar 1-2 í viku eftir málafjölda þar sem farið er yfir umsóknir/tilkynningar og næstu skref ákveðin. Allar faglegar ákvarðanir eru teknar í teyminu.

Á fundum starfshóps var rætt hvort mögulega ætti að hafa tvö teymi, eitt í málefnum fatlaðra og eitt í barnavernd, vegna eðlis málaflokkana.

# Tillaga til umræðu-Byggðasamlag

- Teymið**
- Fagteymi sérfræðinga
  - Tilkynningar og meðferðarfundir í barnavernd
  - Tekur við hlutverki verkefnahóps BsVest
  - **Byggt á tillögum félagsmálastjóra frá febrúar 2022**



# 3.2

Starfshópur leggur til við  
sveitarstjórnir að  
Velferðarþjónusta Vestfirðinga  
verði í formi leiðandi sveitarfélags

# Leiðandi sveitarfélag

# Yfirsýn, traust og samráð

Huga þarf að útfærslu sem tryggir betri yfirsýn, aukið traust og aðkomu hinna sveitarfélaganna að ákvarðanatöku.

Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag og taki að sér rekstur málefna fatlaðs fólks og barnaverndarþjónustu fyrir hönd sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Áhersla lögð á gagnsæi í veittri þjónustu og reikningagerð (þjónusta vs. kostnaður). Framkvæmdaráð hafi aðgang að Stjórnendamælaborði til að auka yfirsýn um fjármál og rekstur í öllum rekstrareiningum.



## Fulltrúaráð

- Þar sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögnum.
- Hittist árlega og mótar stefnu í málaflokknum.
- Stórar ákvarðanir koma til umræðu í fulltrúaráði og þurfa staðfestingu tveggja sveitarfélaga auk Ísafjarðarbæjar.



## Framkvæmdaráð

- Fulltrúar frá hverju þjónustusvæði, auk bæjarstjóra og fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar. (5)
- Hefur aðkomu að ákvörðunum um breytingar á rekstri og útgjöldum.
- Fundar eftir þörfum, en a.m.k. tvisvar á ári
  - Farið yfir verklag, áherslur framundan
  - Fjárhagsáætlun
    - Árleg og viðaukar



## Teymi

- Þar sitja félagsmálastjórar þjónustusvæðanna og sérhæfðir starfsmenn Ísafjarðarbæjar.
- Fundar reglulega í samræmi við mál í vinnslu, en a.m.k. vikulega
- Á teymisfundi er farið yfir umsóknir/tilkynningar, næstu skref ákveðin og verkefnum úthlutað til þjónustusvæða.
- Allar faglegar ákvarðanir eru teknar í teyminu.
- Á fundum starfshóps var rætt hvort mögulega ætti að hafa tvö teymi, eitt í málefnum fatlaðra og eitt í barnavernd, vegna eðlis málaflokkana.



# Tillaga -leiðandi sveitarfélag

- Teymið**
- Fagteymi sérfræðinga
  - Tilkynningar og meðferðarfundir í barnavernd
  - Tekur við hlutverki verkefnahóps BsVest
  - **Byggt á tillögum félagsmálastjóra frá febrúar 2022**

**Ísafjarðarbær**

**Framkvæmdaráð**

- Þrír framkvæmdarstjórar einn frá hverju svæði, auk bæjarstjóra og fjármálastjóra ÍSA

**Stjórnendamælaborð**

**Fulltrúaráð**

- 18 fulltrúar. Tveir frá hverju sveitarfélagi

**Notendaráð félagsþjónustu**

## Sveitarfélög

**Árneshreppur**

**Vesturbyggð**

**Kaldrananeshreppur**

**Tálknafjarðarhreppur**

**Strandabyggð**

**Bolungarvík**

**Reykhólahreppur**

**Súðavíkurhreppur**



**Verkefni/Aðkoma**

- Leiðandi sveitarfélag tekur allar ákvarðanir
- Aðkoma að ákvarðanatöku og miðlun upplýsinga
- Stefna og samráð
- Aðhald með þjónustunni
- Ábendingar frá íbúum

## 3.3

# Fjármögnun

# Fjárhagsáætlunarferlið



# Fjármögnun



Fyrirsjánleiki og gagnsæi í fjármálum er í fyrirrúmi.”



## Fjárhagsáætlun

- Óvissa er um útfærslu og breytingar á þjónustu, sem mun þróast í Teyminu og Framkvæmdaráði.
- Að líkindum er kostnaður sambærilegur óháð rekstrarformi.
- **Byggt á fjárhagsáætlun BsVest**
  - Hækkun á tekjum og útgjöldum vegna breytinga á útsvarshlutfalli.
  - Áætlað að tekjur standi undir útgjöldum.
- **Byggt á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar í barnavernd.**
  - Viðbætur vegna stjórnunarkostnaðar og aukins kostnaðar við lögfræðiþjónustu, sálfræðiþjónustu og úrræði.



## Kostnaður byggður á íbúafjölda

- Lagt er til að kostnaður verði byggður á fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi.
- Sérúrræði og aðkeypt þjónusta, svo sem einkarekin úrræði, verði greidd sérstaklega af lögheimilissveitarfélagi einstaklingsins.
- Ísafjarðarbær sér um reksturinn og kaupir þjónustu af öðrum þjónustusvæðum eftir því sem við á.
  - Sambærilegt því sem tíðkast í rekstri BsVest.

# Fjárhagsáætlun 2023

	BsVest þjónusta við fatlað fólk	þjónusta barnaverndar skv. bókhaldi Ísafjarðarbæjar	Viðbót vegna yfirtöku á þjónustu	Áætluð áhrif breytinga á útsvarsprösentu BsVest	Samantekið
<i>í þús.kr.</i>					
<b>Tekjur</b>					
Framlög jöfnunarsjóðs	556.721	-	-	111.344	668.065
Aðrar tekjur	106.759	17.351	(17.351)	-	106.759
	<b>663.480</b>	<b>17.351</b>	<b>(17.351)</b>	<b>111.344</b>	<b>774.824</b>
<b>Gjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld	15.500	37.880	4.600	-	57.980
Annar rekstrarkostnaður	647.468	37.870	14.000	111.344	810.682
	<b>662.968</b>	<b>75.750</b>	<b>18.600</b>	<b>111.344</b>	<b>868.662</b>
<b>Fjármunat. og (fjármagnskostn.)</b>	(100)	-	-	-	(100)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>412</b>	<b>(58.399)</b>	<b>(35.951)</b>	<b>0</b>	<b>(93.938)</b>

# Skipting kostnaðar barnaverndar á milli sveitarfélaga

	Íbúafjöldi 2022	Hlutfall	Kostnaður hvers sveitarfélags (þús. kr.)
Bolungarvík	956	13,3%	12.464
Ísafjarðarbær	3.840	53,3%	50.065
Reykhólahreppur	233	3,2%	3.038
Tálknafjarðarhreppur	255	3,5%	3.325
Vesturbyggð	1.131	15,7%	14.746
Súðavíkurhreppur	215	3,0%	2.803
Árneshreppur	42	0,6%	548
Kaldrananeshreppur	109	1,5%	1.421
Strandabyggð	424	5,9%	5.528
<b>Samtals</b>	<b>7.205</b>	<b>100%</b>	<b>93.938</b>




# Skipting kostnaðar á milli sveitarfélaga



4

**Næstu skref**

# Samstarfið verði þróað í prepum og reynslan metin



# Ákvarðanatökufერილიð framundan





# KPMG